

GJALDSKRÁ

Vatnsveitu Hveragerðis.

1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett í samræmi við 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004.

2. gr.

Eiganda eða réttthafa fasteignar sem tengst getur Vatnsveitu Hveragerðis ber að greiða heimæðargjald fyrir lagningu heimæðar sbr. 7. mgr. 5. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Gjaldið stendur undir kostnaði við lagningu heimæðar og tekur mið af gerð, stærð og lengd hennar.

Af öllum nýbyggingum, hvort sem eru á eignar- eða leigulóðum í Hveragerði skal greiða heimæðargjald sem hér segir:

32 mm heimæð (allt að 50 m löng)	110.000 kr.
40 mm heimæð (allt að 50 m löng)	150.000 kr.
50 mm heimæð (allt að 50 m löng)	250.000 kr.
63 mm heimæð (allt að 50 m löng)	450.000 kr.
75 mm heimæð (allt að 50 m löng)	600.000 kr.
90 mm heimæð (allt að 50 m löng)	750.000 kr.
110 mm heimæð (allt að 50 m löng)	1.000.000 kr.
180 mm heimæð (allt að 50 m löng)	1.500.000 kr.

Þar sem sérstakar aðstæður eru til staðar eða heimæð er lengri en 50 metrar skal lóðarhafi greiða raunkostnað við lagningu heimæðar.

Verð heimæðargjalda breytist fyrsta janúar ár hvert í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu. Ofangreint verð tekur mið af vísitölu byggingarkostnaðar sem tók gildi 1. janúar 2011 og er 100,8 stig.

3. gr.

Hveragerðisbær innheimtir vatnsgjald af öllum fasteignum í Hveragerði, sem tengdar eru eða munu tengjast Vatnsveitu Hveragerðis sbr. 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Vatnsgjaldið, ásamt öðrum tekjum vatnsveitunnar stendur undir rekstri hennar.

Árlegt vatnsgjald í Hveragerði er 0,18% af fasteignamatí fasteigna.

4. gr.

Hveragerðisbær innheimtir notkunargjald fyrir vatn sem er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisparfa, sbr. 7. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Notkunargjaldið er miðað við notkun mældi í rúmmetrum.

Notkunargjald í Hveragerði frá og með 1. janúar 2011 eru kr. 9 pr. rúmmetra vatns.

5. gr.

Ekki eru í gildi reglur um niðurfellingu eða afslátt á heimæðar- eða vatnsgjaldi í Hveragerði.

6. gr.

Gjalddagi heimæðargjalds er við úthlutun lóðar sem er í eigu Hveragerðisbæjar eða hann hefur ráðstöfunarrétt á og við útgáfu byggingarleyfis á öðrum lóðum. Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Hveragerðisbær innheimtir vatnsgjald með fasteignaskatti og eru gjalddagar þeir sömu. Gjald dagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

Hveragerðisbær innheimtir notkunargjald að jafnaði einu sinni á ári eftir mælaaflestur í lok hvers árs.

Vatns-, heimæðar- og notkunargjaldi ásamt innheimtukostnaði og vöxtum fylgir lögveðsréttur í fasteigninni í tvö ár frá gjalddaga. Lögveð þetta gengur fyrir eldri sem yngri sammings- og aðfarar-

veðum og yngri lögveðum. Ef hús brennur eftir að vatns-, heimæðar- eða notkunargjald gjaldfellur er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð fasteignarinnar.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds. Notandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu notkunargjalds.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar skv. 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, þann 14. janúar 2011, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt falla úr gildi ákvæði um stofngjöld vatnsveitu í samþykkt um byggingargjöld í Hveragerði nr. 375/2009.

Hveragerði, 14. janúar 2011.

Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 7. febrúar 2011